

Alþingi
Erindi nr. P 139/1479
komudagur 25. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Lagt fyrir á Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Þskj. 123 – 114. mál.

ÖBÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, 114. mál.

ÖBÍ styður þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpinu og stuðla að því að rýmka núverandi lagaákvæði í 5. gr. laga um félagslega aðstoð. Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að hækka skuli mánaðarlega upphæð maka- og umönnunargreiðslna í 5. gr. laganna og sömuleiðis upphæð umönnunargreiðslna í 4. gr. laganna úr kr. 98.482 (skv. frumvarpinu kr. 96.978) í kr. 113.944. Breytingin myndi vafalaust leiða til þess að fjölga þeim sem fá umönnunargreiðslur, sem er jákvætt, og fækka um leið þeim einstaklingum sem þurfa vistunarúrræði. ÖBÍ bendir á að þrátt fyrir hækkunina eru greiðslur vegna umönnunar enn allt of lágar og verðmæti umönnunar fyrir einstaklinginn og samfélagið ekki metin sem skyldi.

ÖBÍ bendir á að í frumvarpinu kemur ekki fram hvernig fjárhæðin kr. 113.944 er tilkomin. ÖBÍ vísar á nýleg neysluviðmið Velferðarráðuneytisins.


ÖBÍ gerir athugasemd við að innleiða í lögina fjárhæð fyrir umönnunargreiðslum í 4. og 5. gr. laganna án þess að setja inn lagaákvæði um hvernig eigi að uppfæra fjárhæðina eða tengja hana hækkun annarra greiðslna almannatrygginga. Ein leið væri að tengja upphæðina við 69. gr. laga um almannatryggingar um leið og sú lagagrein verður virkuð á ný. Ef lagaákvæði fyrir því að uppfæra fjárhæð vantar er sú hæfta fyrir hendi að fjárhæðin haldist óbreytt í áráraðir hvað sem líður öðrum hækkunum eða breytingum.



Í frumvarpinu er enn gert ráð fyrir að hafa lagaákvæðið í formi heimildar. ÖBÍ áréttar að hér ætti að vera um rétt að ræða, en ekki heimild, til að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun.

Virðingarfyllt,

f.h. ÖBÍ,



Guðmundur Magnússon
formaður